

## Fasteignaskattur

Reiknast af fasteignamati húss og lóðar. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt V. kafla laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með áorðnum breytingum. Álagningarprósenta hefur verið ákveðin á íbúðarhúsnæði 0,2%, á atvinnuhúsnæði 1,65% og á aðrar eignir 1,32%. Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

## Lóðaleiga

Með heimild í lögum nr. 86/1943 sbr. lög nr. 68/1978, ákveður borgarstjórn leigugjald eftir lóðir og lönd sem borgin lætur á leigu. Leigugjaldið fyrir íbúðahúsalóðir er 0,2% af lóðamati þeirra en 1,0% fyrir atvinnulóðir. Lóðaleiga innheimtist með fasteignagjöldum.

## Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs og gjald vegna endurvinnslustöðva er lagt á skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldið miðast við fjölda og stærð íláta við hverja húseign, losunartíðni þeirra og tegund úrgangs. Í fjöleignarhúsum er gjöldunum skipt eftir hlutfallstölu eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Gjaldið er 21.300 kr. fyrir hverja 240 L tunnu undir blandaðan úrgang sem losuð er á 14 daga fresti, 11.800 kr. fyrir hverja 120 L tunnu undir blandaðan úrgang sem losuð er á 14 daga fresti, 8.500 kr. fyrir 240 L tunnu undir endurvinnanlegan pappír og pappa sem losuð er á 21 daga fresti og 8.400 kr. fyrir hverja 240 L tunnu undir endurvinnanlegt plast sem losuð er á 21 daga fresti. Fyrir hvert 660 L ker undir blandaðan úrgang sem losað er á 14 daga fresti er gjaldið 58.575 kr., 660 L ker undir pappír og pappa losað á 21 daga fresti er gjaldið 23.375 kr. og 660 L ker undir plast sem losað er á 21 daga fresti er gjaldið 23.100 kr. Sé tunnum fjölgað, fækkað eða losunartíðni breytt á árinu miðast gjaldið fyrir meðhöndlun úrgangsins við þá viku sem breytingarnar fara fram. Þurfi að draga ílát lengra en 15 metra að hirðubíl til losunar leggst 5.200 kr. álag á hverja 240 L tunnu sem losuð er á 14 daga fresti, 4.200 kr. álag á hverja 120 L tunnu sem losuð er á 14 daga fresti og 3.400 kr. álag á hverja 240 L tunnu sem losuð er á 21 daga fresti. Sama gildir um 660 L ker og leggst 14.300 kr. álag á hvert ker undir blandaðan úrgang sem losað er á 14 daga fresti en 9.350 kr. álag á ker undir pappír og pappa og 9.350 kr. á ker undir plast sem losuð eru á 21 daga fresti. Til að standa undir hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva SORPU bs. er lagt á endurvinnslustöðvagjald 7.980 kr. Álagning á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs og gjaldi vegna endurvinnslustöðva er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

- Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið [sorphirda@reykjavik.is](mailto:sorphirda@reykjavik.is).

## Lækkun fasteignaskatts hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig að óbreyttu lækkun fasteignaskatts og fráveitugjalds fyrir árið 2016 að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiða. Fjármálaskrifstofa framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Við álagningu fasteignaskatta í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2014. Þegar álagning vegna tekna ársins 2015 liggur fyrir í ágúst á þessu ári, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga. Lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi er byggð á reglum sem borgarstjórn setur, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og eru aðgengilegar á [www.reykjavik.is/fasteignagjald](http://www.reykjavik.is/fasteignagjald).

## Álagning og innheimta

Fasteignaskattur, lóðaleiga fyrir íbúðarhúsalóðir og sorphirðugjald eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Séu eigendur fleiri en einn bera þeir sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldanna og verða sjálfir að annast skiptingu þeirra. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt innan 30 daga frá gjalddaga, skv. 5. mgr. 4 gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Fasteignagjöld ársins 2016, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 2. mars, 2. apríl, 2. maí, 1. júní, 3. júlí, 2. ágúst, 3. september og 2. október. Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginnheimtu gjaldanna.

- Vakin er athygli á því að hægt er að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, hægt er að skrá boðgreiðslur í rafrænni Reykjavík á [www.rafraen.reykjavik.is](http://www.rafraen.reykjavik.is). Nánari upplýsingar og aðstoð má fá í síma 411-1111 og/eða með því að senda fyrirspurn á netfangið [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is). Upplýsingar um beingreiðslur eru í þjónustubönkum og sparisjóðum.
- Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á fasteignaskatti og lóðarleigu í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið [fasteignagjald@reykjavik.is](mailto:fasteignagjald@reykjavik.is) og/eða senda erindi frá vefslóðinni <http://reykjavik.is/erindi-vegna-fasteignagjalda>
- Reykjavíkurborg annast fruminnheimtu gjaldanna. Momentum ehf. annast milliinnheimtu gjaldanna og Gjaldheimtan ehf. annast löginnheimtu gjaldanna.
- Orkuveita Reykjavíkur annast álagningu og innheimtu vatnsgjalds og fráveitugjalds og veitir allar upplýsingar um þessi gjöld í síma 516-6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið [or@or.is](mailto:or@or.is).